



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 5. september 2024  
SFS24080204

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um innritun í leikskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

*Hver er staða biðlista á leikskólum borgarinnar?*

#### **Svar:**

Þann 3. september 2024 voru 172 börn á biðlistanum 18 mánaða eða eldri. Rétt er að geta þess að af þeim eru 58 börn á biðlistanum sem hafa fengið boð um vistun en boðinu verið hafnað. Helsta ástæða þess að boði er hafnað er að foreldrar hafa kosið að börnin séu áfram á biðlista eftir plássi í þann leikskóla sem foreldrar kjósa helst. Heildarfjöldi barna frá 12 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í borgarrekna leikskóla er 661. Af þeim eru 163 með vistun hjá dagforeldri. Á meðfylgjandi mynd má sjá fjölda umsókna fyrir börn frá 18 mánaða eftir aldri og borgarhlutum.

Þau börn sem eru að fara í sjálfstætt starfandi leikskóla detta ekki af biðlistum eftir borgarreknum leikskóla fyrr en þau hefja vistun. Ekki liggur fyrir hversu mörg börn með virka umsókn hafa fengið boð í sjálfstætt starfandi leikskóla en hafa enn ekki hafið vistun. Bæði í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum er aðlögun barna í fullum gangi. Innritun er sífellt í gangi, til dæmis í kjölfar flutninga frá Reykjavík eða þegar börn fá vistun hjá sjálfstætt starfandi leikskólum og hafna boði um pláss hjá borgarreknum leikskólum. Á næsta ári munu einnig koma aftur í notkun leikskólapláss sem hafa verið ónothæf vegna viðhalds og framkvæmda. Unnið er að því hörðum höndum að fullmanna leikskóla og taka börn inn í aðlögun.



**Reykjavík**



# Fréttatölur um biðlista á leikskóla

Fjöldi 18 mánaða og eldri 1. september 2024

Nýjar umsóknir

172

Par af hjá dagforeldri 16


Flutningsums.

205

Par af hjá SSL 56


## Fjöldi á biðlista eftir borgarhlutum

Fjöldi nýrra umsókna (þar með talin börn sem eru hjá dagforeldri)



## Fjöldi á biðlista eftir aldri í árum

Fjöldi nýrra umsókna eftir aldri á biðlista. 12 til 18 mán visar til 12 að 18 mánaða.



## Aldursdreifing biðlistans í mánuðum



Reykjavík